

Garðabæ, 07.10.2015

Til bæjarstjóra Garðabæjar

Erindi: opnunartími í Álftaneslaug

Eins og fram kemur í fundargerð ÍTG frá 22.09.2015 gerði undirritaður grein fyrir breytingum á opnunartíma Álftaneslaugar yfir vetrartímann.

Frá hausti 2014 hefur opnunartími Álftaneslaugar verið sá sami og í Ásgarði þrátt fyrir færri starfsfólk. Þetta var gert með samþykki bæjarráðs til að meta hvort aðsókn yrði meiri og mæta óskum íbúa um sömu þjónustu í báðum sundlaugum bæjarins. Um var að ræða tímabundna breytingu síðasta vetur sem síðan var látin ná yfir sumarið.

Þetta hefur leitt til töluverðrar yfirvinnu starfsfólks en ekki aukið aðsóknartölur svo neinu nemi. Breytingin nú er því aðlögun að því starfsmannahaldi sem er í sundlauginni og íþróttamiðstöðinni allri til að draga úr þessari yfirvinnu.

Opnunartími virka daga er með þessari breytingu 30 mín styttri en var í sumar eða frá 06:30 til 20:30 í stað 21:00, en þó lengri en var fyrir lengingu. Ópið er í Gym-Heilsu til 21:00 með því að nýta búningsklefa íþróttahússins.

Um helgar fer opnunin í sama far og var eða 10:00-18:00 úr 09:00-19:00

Yfir sumartímann er aðsókn mun meiri og því ekki óeðlilegt að þá sé lengri opnunartími.

Ef vilji er til að halda áfram sama opnunartíma og í Ásgarði þarf að endurskoða vaktaskipulag og vinnutíma starfsfólks í samræmi við það.

Virðingarfyllt,

Kári Jónsson, íþróttafulltrúi Garðabæjar